

## Minnisblað fyrir fund með Umhverfis- og Samgöngunefnd Alþingis 27.05.2016 Varðandi 160 mál á 145 löggjafarþingi.

Höf: Hrönn Egilsdóttir

### Í stuttu máli:

Það má ítreka að súrnun sjávar er bein afleiðing af losun koldíoxíðs út í andrúmsloftið og því augljóslega hluti af stærri vanda. Sjór við Ísland súrnar tiltölulega hratt en lítið sem ekkert er vitað um mögulegar afleiðingar þeirrar þróunar.

Efla þyrfti rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga í sjó við Ísland. Vöntun á innviðum til slíkra rannsókna er vandamál en hafa ber í huga að innviðir eru forsenda fyrir sókn í innlent og erlent rannsóknarfé. Innviðir fela í sér uppbyggingu tilraunaaðstöðu og/eða fundi á afgösunarsvæði koldíoxíð á grunnsævi.

### Nánar:

1. **Aðgerðir til þess að sporna gegn súrnun sjávar.**
  - a) Ísland getur auðveldlega orðið leiðandi þjóð á alþjóðavísu þegar kemur að því að draga úr útblæstri koldíoxíðs út í andrúmsloftið.
  - b) Huga þarf betur að vörumerkinu „Ísland“ og alþjóðlegri framtíðarsýn í orkumálum þegar kemur að ákvarðanatöku á Alþingi Íslendinga.
2. **Framkvæmdaráætlun í rannsóknum á hlýnun og súrnun sjávar næstu árin (fyrir utan vöktunarverkefni Hafrannsóknastofnunar)**
  - a) Rannsóknir á dreifingu lífvera í sjó. Við þurfum að vita í hvaða umhverfi (t.d. pH/sýrustigi) lífvera lifir í dag til þess að skilja betur hvernig og að hvaða marki umhverfi lífveru mun breytast í framtíð. HE hefur lagt áherslu á slíkar rannsóknir í doktorsnámi sínu.
  - b) Þegar við höfum kortlagt náttúrulegt umhverfi lífveru þá þurfum við að reyna að skilja hvort og þá hvernig áhrif umhverfisbreytingar framtíðar munu hafa á þá lífveru. Því er áætluð uppbygging aðstöðu sem mun gera okkur kleift að rannsaka lífeðlisfræðileg áhrif af súrnun sjávar og hlýnunar á mikilvægar tegundir í hafinu við Ísland, m.a. á átu. Um er að ræða rannsóknir á sviði tilraunalíffræði sem hefur ekki verið mikið stunduð að miklu marki hérlandis og gæta því nokkur nýnæms. Fjármögnun uppbyggingar er ekki lokið.
  - c) Áriðandi er að kanna hvort hægt sé að nýta náttúrulega afgösun koldíoxíðs í sjó (einskonar ölkeldur á strandsvæðum) til þess að kanna áhrif súrnunar sjávar á vistkerfi í sem náttúrulegustu aðstæðum sem hægt er. Slík fyrirbæri eru afar sjaldgæf á heimsvísu en jafnframt mjög nytsamleg til þess að svara ákveðnum rannsóknarspurningum. Segja má að þau veiti ákveðna innsýn inn í framtíðina. Stefnt er að því að leit að slíkum svæðum hefjist sumarið 2016.
3. **Hvað getur Alþingi Íslendinga gert?**
  - a) Taka ákvarðanir sem leiða til minnkunar á útblæstri koldíoxíðs.
  - b) Setja á stofn starfshóp sem gæti m.a. haft eftirfarandi hlutverk að gegna:
    - i) Benda á hvar þekkingu er mest ábótavant.
    - ii) Ýta undir samtal milli aðila sem nýta auðlindir í sjó og rannsakenda
    - iii) Kalla eftir auknum samlegðaráhrifum/samstarfi í rannsóknum, sérstaklega á milli innlendra rannsóknaraðila en er kemur að erlendu samstarfi.
    - iv) Styðja beint við uppbyggingu innviða.